

Fornleifakönnun vegna vegaframkvæmda milli Hólkots og Skriðu í Hörgárdal

Ritstjóri: Þóra Pétursdóttir

Höfundar efnis: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Uggi Ævarsson og Þóra Pétursdóttir



**Fornleifastofnun Íslands
FS381-08111
Reykjavík 2008**

Mynd á forsíðu er af Glúmshól í landi Fornhaga

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Helstu niðurstöður

- 6 minjastaðir teljast í stórhættu vegna framkvæmdanna
- Aðrir 17 minjastaðir teljast í hættu vegna framkvæmdanna
- Auðvelt ætti að vera að komast hjá raski á flestum þeirra minjastaða sem teljast í *hættu* vegna framkvæmdanna
- Lagt er til að rannsókn fari fram á tveimur þeirra minjastaða sem teljast í *stórhættu* vegna framkvæmdanna og að aðrir tveir verði merktir eða girtir af á meðan á framkvæmdum stendur
- Lagt er til að fornleifafræðingur vakti framkvæmdirnar, einkum þann hluta þeirra sem fer fram í gömlum heimatúnum bæja

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Um mat á umhverfisáhrifum	7
3. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði	9
4. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda	20
Veglína A	21
Veglína B	22
Heimreiðar	23
5. Niðurlag	26
Tillögur að aðgerðum	28
Heimildaskrá	30
Viðauki: Fornleifakort	32

1. Inngangur

Snemma vors 2008 fór Vegagerðin á Akureyri þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra vegaf framkvæmda í Hörgárdal á menningarminjar á svæðinu. Framkvæmdirnar verða á milli bæjanna Bjarga og Skriðu í Hörgárdal í Eyjafjarðarsýslu. Milli Bjarga og Hólkots mun endurbættur vegur liggja á sama stað og núverandi vegarstæði en þar verður hann lagður bundnu slitlagi. Sá hluti leiðarinnar var ekki rannsakaður að þessu sinni. Milli Hólkots og Skriðu er hins vegar fyrirhuguð tilfærsla á vegarstæðinu til austurs, niður fyrir núverandi vegarstæði, og koma tvær leiðir til greina. Veglína A sveigir til austurs af núverandi vegarstæði rétt sunnan við Hólkot en veglína B fylgir núverandi vegarstæði suður fyrir Brakanda og sveigir þá austur af því. Veglínurnar tvær liggja saman norðan við Ytri-Tunguá en því næst suður eftir eyrunum, í túnjaðri á Skriðu, og sameinast svo núverandi vegarstæði nokkuð fyrir innan Skriðu. Auk þessara framkvæmda verða lagðar nýjar heimreiðar að bæjunum Skriðu og Dagverðartungu og einnig að Fornhaga verði veglína A fyrir valinu.

Fornleifastofnun vann aðalskráningu á úttekta svæðinu sumarið 2004 og var það hluti þriggja ára aðalskráningar-verkefnis í gömlu Öxnadals- og Skriðuhreppum sem unnið var fyrir sveitarfélagið Hörgárbyggð. Skráninguna unnu Uggi Ævarsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir.¹ Sökum þessa lágu fyrir minjaskrár fyrir þær jarðir sem framkvæmdirnar snerta, þ.e. Hólkot, Brakanda, Fornhaga, Dagverðartungu og Skriðu. Við aðalskráningu voru skráðar 90 fornleifar á þeim jörðum sem fyrirhugaðar framkvæmdir snerta, 8 í Hólkoti, 4 á Brakanda, 23 í Fornhaga, 26 í Dagverðartungu og 29 á Skriðu. Margar þessara minja voru hins vegar fjarri fyrirhuguðum vegarstæðum og ekki í hættu vegna framkvæmdanna.

Úttektin sem gerð var að þessu sinni var s.k. deiliskráning sem felst í því að áhrifasvæði vegarframkvæmda var gengið sérstaklega í leit að áður óþekktum fornleifum auk þess sem mat var lagt á í hvaða hættu þekktar minjar í nágrenni vegar væru sökum framkvæmda. Við vettvangsrannsókn vorið 2008 var stuðst við fyrirbyggjandi aðalskráningu fornminja á svæðinu auk þess sem vegarstæðin sjálf voru könnuð í þá mál.

¹ Þessa dagana er unnið að drögum skýrslu um aðalskráningu fornleifa í gömlu Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Veglínan sjálf er áætluð um 6,5 m á breidd, en framkvæmdasvæðið alls 15-20 m breitt. Þar sem vegarframkvæmdum fylgir gjarnan meira umrót en það sem lendir innan eiginlegs framkvæmdasvæðis var áhersla lögð á úttekt á um 50 m breiðri spildu, 25 m til hvorrar handar frá miðlínu vegar. Minjar sem lenda innan þessara marka teljast *í stórhættu* vegna framkvæmdanna, en minjar skammt utan markanna eru einnig tilgreindar og metnar *í hættu*. Minnt er á að sérstaka aðgát þarf að hafa við vegarvinnu í námunda við þessa staði og gæta þess að stórtækar vinnuvélar eða annað umrót skaði þá ekki.

Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við deiliskráningu og umhverfismat,² og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarefnis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsókn lýst, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um mótvægisáðgerðir. Þóra Pétursdóttir, fornleifafræðingur, vann vettvangsúttekt á vegarstæði á tímabilinu 14.-20. maí 2008. Hún sá einnig um ritun þessarar skýrslu, en Lísía Rut Björnsdóttir vann minjakort sem er að finna aftast í skýrslunni.

Afrit af þessari skýrslu er sent Fornleifavernd ríkisins.

² Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsveggar um Mávahlíð*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; Sami: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegastæði Ólafsvíkurvegar og Útnesveggar sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997.

2. Um mat á umhverfisáhrifum

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein Þjóðminjalaga (nr. 107/2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: ”Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.” Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, Þjóðtrú eða Þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa (sbr. 9. gr. Þjóðminjalaga).

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort

heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. Þjóðminjalaga frá 2001 segir m.a.: “Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Við allar meiriháttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.”

3. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar sem eru nálægt áætluðum vegarstæðum. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir í grennd við framkvæmdarsvæðið á þeim jörðum sem koma við sögu þó að sumir þeirra séu utan áhrifasvæði framkvæmdanna. Aftast í skýrslunni er að finna loftmyndir þar sem veglína og minjastaðir eru sýnd.

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (EY, NP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Fyrir hverja jörð er jarðaspjald þar sem byrjað er á að gefa yfirlit um matsverð jarðarinnar, skiptingu hennar og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparstöðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NP-123:024).

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður

Dæmi um hvernig skráningu á dæmiörðum miniastað lítur út

eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er reynt að mæla í miðju hvers minjastaðar. Áætlað er að frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis framkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hér eru gefnar grunnupplýsingar um menningarminjar í námunda við framkvæmdasvæðið.

EY-185 Brakandi

1712: "Brakande. Þessi hjáleiga liggur nú í eyði, og hefur verið eyðiból næstu víi ár, áður var bygðin viðvarandi jafnaðarlega, það menn til muna." JÁM X, 134-135. Hjáleiga frá Auðbrekku. Var áður nefnt Brakaðargerði sbr. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1923, 79, Rannsókn og leiðréttingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi eftir Hannes Þorsteinsson. Fór í eyði 1946. BE 1990, 442.

Túnstærð 1917: 2,8 ha. Sléttað tún 1/2."...liggur á milli Auðbrekku og Fornhaga og á land ofan úr Auðbrekkufjalli og niður að Hörgá. Tún ofan vegar eru grasgefnir mólendishólar með mýrarsundum á milli, en neðan vegar eru flatar mýrar og árbakkar."

EY-185:001 *Brakandi* bæjarhóll bústaður 65°43.987N 18°20.162V

Í Jarðabók Árna og Páls er getið um Brakanda: "Þessi hjáleiga liggur nú í eyði, og hefur verið eyðiból næstu víi ár, áður var bygðin viðvarandi jafnaðarlega, það menn muna". Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Brakandi, sem í fyrndinni var nefnt Brakaðargerði, liggur á milli Auðbrekku og Fornhaga og á land ofan úr Auðbrekkufjalli og niður að Hörgá. Tún ofan vegar eru grasgefnir mólendishólar með mýrarsundum á milli, en neðan vegar eru flatar mýrar og árbakkar". Gamli Brakandabærinn stóð rétt neðan þjóðveggar, fast norðaustan við núverandi vélaskemmu að sögn heimildarmanns.

Húsin standa á grösugum hólrana sem teygir sig til suðausturs.

Ummerki gamla bæjarhússins eru ekki sjáanleg vegna rasks við byggingu vélaskemmu. Bæjarhóll er ekki vel afmarkaður, frekar hólrani sem snýr NA - SV en ris til suðausturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM X, 134-135, Túnakort 1917; BE 1990.

EY-185:002 heimild um útihús 65°43.940N 18°20.208V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 á að hafa verið útihús rétt við suðurmörk heimatúns. Um 90 m SSV frá bæ 001.

Í sléttuðu túni.

Engin ummerki sjáanleg fyrir utan smávægilegar ójöfnur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1917

EY-185:003 heimild um fjárhús 65°44.041N 18°20.179V

Þar sem núverandi fjós er, var áður útihús út torfi og grjóti sem sést á túnakorti, um 100 m NNV af bæ 001.

Fast við sléttað tún.

Suðvestur af núverandi fjósi og hlöðu er gömul steinsteypt bygging. Á 6. áratug 20. aldar voru torfkofar beggja vegna við þetta hús - hestakofi og fjárhús að sögn heimildamanns. Ummerki gamalla bygginga eru þó ekki sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort 1917

EY-185:004 *Torfhóll* örnefni mógrafir 65°44.057N 18°20.352V

"Rétt fyrir ofan veginn er Torfhóll og upp af honum Brakandasund, sem nú eru að nokkru orðin tún." segir í örnefnaskrá. Íbúðarhús núverandi bónda á Brakanda er á Torfhóli, ofan þjóðveggar.

Ávalur og grösugur hóll.

Að sögn heimildamanns var mór tekinn við hólinn og torf rist á hólnum en ummerki þess sjást ekki lengur því þar er nú tún.

Hættumat :hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Skrið, 80

EY-189 Hólkot

Hjáleiga frá Auðbrekku.

Túnstærð 1917: 2,4 ha. Sléttað tún 1/2, sáðreitir 292. Túnakort 1917 Lítið en grösugt býli. Tilheyrir í dag Auðbrekku. Bærinn stóð við hólana neðar áður en var fluttur um 1950 (samkvæmt Byggðum Eyjafjarðar, bls. 477). "Bærinn stóð á Hólrana, sem mun vera gamall skriðufótur og var bæjarstæðið fallett. Svo var

bærinn fluttur upp að veginum og steinhús byggt í stað gamla bæjarins. Hefur víða svo farið þegar bæir eru endurbyggðir, að þeir voru færðir að veginum og ekki látið í vegi standa, þó að bæjarstæðið nýju séu ljót eða ljótari en þau sem aflögð voru," Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna IV, 25-26.

EY-189:003 heimild um útihús 65°44.287N 18°19.429V

Hér um bil 110 m norðvestur af bæ 001 mun hafa verið útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Slegið tún.

Nú stendur gamall bárujárnsbraggi á þeim stað er gömlu útihúsin voru. Engin ummerki gömlu húsanna sjást.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort 1917

EY-189:004 heimild um útihús 65°44.267N 18°19.511V

Steypt íbúðarhús stendur um 150 m VNV af bæ 001. Útihús munu hafa verið á sama stað eða fast suðvestan við samkvæmt túnakorti frá 1917.

Í túni, fast neðan (SA) vegar.

Engin ummerki eldra húss.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort 1917

EY-190 Fornhagi

30 hdr.1712. Bændaeign. Fornhagi er landnámsjörð sbr. "Geirleifr hét maðr; hann nam Horgárdal upp til Myrkár; hann var Hrapsson ok bjó í Haganum forna. Hans son var Bjorn enn auðgi, er Auðbrekkumenn eru frá komnir." ÍF I, Landnámabók, 256. Fornhaga er einnig getið í framhjáhlaupi í Sturlungu (Sturlunga II (útg. 1988), 666. Fornhaga er getið í Víga-Glúmssögu en samkvæmt henni bjó þar Már Glúmsson og hafði hann látið gera kirkju á bænum "ok var Glúmr þar jarðaðr ok svá Már, þá er hann andaðisk, ok mart annarra manna, því at langa hríð var engin kirkja í Horgárdal nema sú ein." ÍF IX, Víga-Glúms saga, 98. 1375: Nafn Fornhaga kemur fram í texta um landamerki Auðbrekku. DI III, 295. Á bæinn er minnst í framhjáhlaupi í Fornbréfasafni á nokkrum stöðum sjá DI III (árið 1387 bls. 396, árið 1403 bls. 715). 1700 Jón Eiríksson lögréttumaður og bróðir hans Pétur Eiríksson selja Lárusi Hanssyni Sceving sýslumanni 7 hdr í Fornhaga "fyrir ánægjanlegt lausafé í landaurum". Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 233. 1701 selur Benedikt Magnússon Lárusi Hanssyni Skeving þau 13 hdr. í Fornhaga sem Magnús Sigðursson faðir hans hafi keypt af Þorláki Benediktssyni 1693. Jarðabréf frá 16.-17. öld, 233. "Bærinn stendur syðst við Auðbrekkufjall, rétt við Hörgárdalsveg, skammt norðan við Ytri-Tunguá. Land Fornhaga nær frá Brakanda í norðri suður að Ytri-Tunguá, en neðan vegar á Fornhagi einnig land sunnan árinna. Upp með Ytri-Tungá nær landið nokkuð inn fyrir Fornhagaöxl. Fornhagi er landnámsjörð og getið í Landnámu" segir í Bygðum Eyjafjarðar (bls. 444).

Túnstærð 1917: 6,7 ha. Sléttað tún 2/3, sáðreitir 102. Mikill tjágarður og blómagarður er sunnan við íbúðarhúsið og einnig austan vegarins (skv. Bygðum Eyjafjarðar, 444). "Bærinn stendur syðst við Auðbrekkufjall, rétt við Hörgárdalsveg, skammt norðan við Ytri-Tunguá. [...] Land Fornhaga nær frá Brakanda í norðri suður að Ytri-Tunguá, en neðan vegar á Fornhagi einnig land sunnar árinna. Upp með Ytri-Tunguá nær landið nokkuð inn fyrir Fornhagaöxl. Fornhagi er landnámsjörð. Geirleifur Hrapsson landnámsmaður settist að í "Haganum forna" samkvæmt Landnámabók, og nam Hörgárdal upp til Myrká. Már Víga-Glúmsson bjó síðar í Fornhaga og lét gera þar kirkju sem löngu er aflögð, en þar á Víga-Glúmur að vera grafinn. Kirkjutóft í Kirkjuhóli er friðlýst, en hóllinn er utan við trjágarðinn neðan vegar. [...] Frá Fornhaga liggur göngu- og reiðleið norður Þorvaldsdal og yfir á Árskógsströnd." BE I, 444-445. "Heyrst hefur að þessi jörð hafi brúkað selstöðu í Auðbrekku jörðu, og líkindin eru tóttarleifar nokkrar, sem nefndar eru Fornhagasel. Ekki vita menn sannleika nokkurn fyrir, hvört heldur að selstaðan hefur verið fyrir skyldu eður kaup. Ei hefur hún frá þessari jörðu í manna minni brúkuð verið. Skóg er sagt að þessi jörð eigi á Vagla jörðu, frá Kíðalæk að sunnan uppí Þormóðshæð að ofan, og að Köldubrunnum að norðan og að Efri Reiðgötum að neðan. [...]Ekki er hjer engjum óhætt fyrir grjótsáburði í vatnavöxtum um vor" JÁM X, 135-136. "Það er góð jörð og notasæl. Þó er landrymi þar ekki mikið. Tún er þar gott. Liggur það allt suður á gilbarm Ytri-Tunguár, en út frá því er graslendi gott og mikið. Þar voru engjar góðar á meðan notaðar voru," Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna IV, 17.

EY-190:001 *Fornhagi* bæjarhóll bústaður

65°43.800N 18°21.026V

"Bærinn stendur syðst við Auðbrekkufjall, rétt við Hörgárdalsveg, skammt norðan við Ytri-Tunguá. Mikill og fallegur trjágardur og blómagarður er sunnan við íbúðarhúsið og einnig austan vegarins. ... Land Fornhaga nær frá Brakanda í norðri suður að Ytri-Tunguá, en neðan vegar á Fornhagi einnig land sunnan árinna. Upp með Ytri-Tunguá nær landið nokkuð inn fyrir Fornhagaöxl. Fornhagi er landnámsjörð. Geirleifur Hrapppsson landnámsmaður settist að í "Haganum forna" samkvæmt Landnámsbók, og nam Hörgárdal upp til Myrkár. Már Víga-Glúmsson bjó síðar í Fornhaga og lét gera þar kirkju sem löngu er aflögð, en þar á Víga-Glúmur að vera grafinn. Kirkjutóft í Kirkjuhóli er friðlýst, en hóllinn er utan við trjágardinn neðan vegar." Núverandi íbúðarhús, steipt á tveimur hæðum, er á gamla bæjarhólnum en gamli bærinn náði nokkrum metrum norðvestar.

Íbúðarhúsið er fast norðvestan við þjóðveg. Strax suðaustan vegar snarlækkar landið niður að Hörgáreyrum þar sem eru tún. Norðvestan bæjarins rís landið jafnt og þétt til fjalls og er hlíðarbrekkan nokkuð hólótt. Í norðaustri eru tún sem halla örlítið mót suðaustri.

Fast norðvestan núverandi íbúðarhúss er lágur torfveggstubbur sem mun vera leifar gamla bæjarins, um 1 m að lengd og breidd en um 0, 4 m hleðsluhæð. Umhverfis húsið er þéttur trjálundur. Nær er að tala um bæjarstæði því varla er hægt að tala um bæjarhól þótt hann rísi örlítið mót suðaustri.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: BE 1990, 445 og Túnakort 1917

EY-190:002 *Kirkjutóft* tóft kirkja

65°43.767N 18°20.959V

Fornhaga er getið í Víga-Glúmssögu í tengslum við atburði sem eiga að gerast um 1010 en samkvæmt



henni bjó þar Már Glúmsson og hafði hann látið gera kirkju á bænum "ok var Glúmr þar jarðað ok svá Már, þá er hann andaðisk, ok mart annarra manna, því at langa hríð var engin kirkja í Hörgárdal nema sú ein." Í Fornhaga er friðlýst s.k. Kirkjutóft. Um hana segir í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1924: "Í Fornhaga er hól niðri á túninu, sem heitir Kirkjuhóll. Í honum er laut mikil, aflöng frá austri til vesturs, og er hún kölluð Kirkjutóft. Þó er svo að sjá, sem dyrnar hafi verið á

austurendanum. En sé þetta tóft þeirrar kirkju, sem Már Glúmsson lét gjöra, þá mun þetta eigi óeðlilegt; þá mun það enn eigi hafa verið orðin almenn venja hér á landi, að kirkjudyr skyldu snúa til vesturs." Í Friðlýsingarskrá segir ennfremur: "Fornhagi. "Kirkjutóft", er svo kallast, laut mikil í hól þann er Kirkjuhóll heitir, niður á túninu." Í Bygðum Eyjafjarðar er getið um staðinn: "Már Víga-Glúmsson bjó síðar í Fornhaga og lét gera þar kirkju sem löngu er aflögð, en þar á Víga-Glúmur að verða grafinn. Kirkjutóft í Kirkjuhóli er friðlýst, en hóllinn er utan við trjágardinn neðan vegar." Tóftin er um 70 m suðaustur af bæ 001.

Í hæðóttu túni suðaustur af bæ 001.

Í Íslenskum sögustöðum getur Kristian Kálund um kirkjuna í Fornhaga: "Meðal bæja sem standa undir norðurhlíð, má nefna Fornhaga, tæpa mílu fyrir suðvestan Möðruvelli, en þar var að sögn Víga-Glúms sögu elzta kirkja Hörgárdals á sínum tíma, og m.a. var Víga-Glúmur jarðaður þar." Tóftin er öll negatíf, þ.e. ekki er um upphleðslur að ræða heldur sig þannig að hlaðnir veggir eru ekki vel greinilegir. Húsið hefur sennilega verið grafið austan í hólinn. Norðvesturhlíð er einföld: stungið hefur verið úr hólnum/brekunni og hlaðið fyrir. Á suðausturhlíð má greina þunnar veggæturlur og eins fyrir norðausturenda tóftar. Tóftin er á kafi í grasi en slegið hefur verið alveg upp að henni. Tóft er um 15 m löng ANA - VSV og um 4 m á breidd. Ekki eru dyr greinanlegar og ekki er heldur grjótt að sjá í tóftinni sem er sporöskjulaga og minnir frekar á skálatóft heldur en tóft af kirkju eða bænhúsi. Mesta dýpt tóftar er 0,85 m. Ekki er friðlýsingarskilti á tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók hins íslenska fornleifafélags 1924, 20, Friðlýsingaskrá, 48, BE 1990, 444 og Víga Glúms s. 28. kap. ÍF IX, 98, KK III, 80.

Árb. 1906: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

EY-190:008 heimild um útihús

65°43.826N 18°20.963V

Um 100 m norður af bæ 001 á að hafa verið útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Í túni.

Engin ummerki húsa eru sjáanleg. Allt túnið er í smáhæðum, hólhryggjum og lægðum.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-190:010 Þorvaldsdalsrétt tóft rétt

65°43.679N 18°20.923V

"Syðst og efst á eyrunum, í Fornhagalandi, er Þorvaldsdalsrétt, hlaðin úr grjóti. Var hún lengi aðalskilarétt en er nú aukarétt." segir í örnefnaskrá. Um 250 m SSA af bæ 001 er Þorvaldsdalsrétt, sunnan við Ytri-Tunguá vestast á eyrunum.

Marflöt, hálfgróin grjóteyri fast sunnan Ytri-Tunguár.

Öll réttin er úr hnullungagrjóti, 1,4 m hæst og um 0,4 m lægst. Réttin öll er um 40 m A - V og um 35 m N - S. Stór almenningur er í miðju, 35 m N - S og um 17 m á breidd. Dilkar eru vestan og austan við almenning, jafnlangir N - S en um 12 m breiðir að vestanverðu en um 10 m að austan. Þrír dilkar eru beggja vegna almennings. Í norðausturhorni er reyndar eins og aukahólf sem hefur verið hlaðið seinna og eru hleðslur það mun lægri en aðrar í réttinni. Op eru á almenningi bæði fyrir miðjum norðurvegg og suðurvegg. Einnig eru op á milli hvers dilks og almennings.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Skrið, 80



Þorvaldsdalsrétt (190:010), horft til austurs

EY-190:012 Steinavörðuholt örnefni

65°43.824N 18°20.914V

"Niður með túninu, norðan vegar, heitir Krókur og fast upp við veginn yzt í túninu er Steinavörðuholt.", segir í örnefnaskrá. Fast suðaustan þjóðvegur er holt/hóll sem búið er að taka úr í vegagerð sem heitir Steinavörðuholt.

Gróið land meðfram vegi, tún neðan við.

Engin varða er sjáanleg á holtinu en gæti hæglega hafa horfið vegna efnistöku.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Skrið, 81

EY-190:019 Glúmshóll heimild um legstað

65°43.889N 18°21.665V

Kristian Kálund getur um Glúmshaug í Íslenskum sögustöðum en þar segir hann: "Í Fornminjaskýrslu (1821) er vísað til Glúmshaus hjá Fornhaga, og á Glúmur að vera jarðaður þar." Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1924 er getið um Glúmshól. Þar segir: "Glúmshóll heitir melhóll einn, skammt fyrir austan tún í Fornhaga. Hann á að vera kendur við Víga-Glúm. En engin sögn er um hvaða atvik því olli, að hóllinn fékk nafn af honum." Í örnefnaskrá er fjallað um sama stað: "Sunnan við Sund er Glúmsholt og efst á því Glúmshóll. Mun þetta hvort tveggja kennt við Víga-Glúm, enda er talið, að hann sé heygður í hólum, þó að Víga-Glúmssaga segi hann jarðaðan "að kirkjunni í Fornhaga" ". Glúmshóll (019a) er um 15 m suðaustan við þjóðveg.

Tún er á alla kanta en norðvestan við hól er þjóðvegur og þar upp af (NV) er mói sem hallar mót suðaustri. Hóllinn er stór grjóthóll sem búið er að éta töluvert úr vegna vegagerðar. Hann er langstærsti hóllinn í þriggja hóla röð því að austur af Glúmshóli eru tveir minni hólar. Á miðhólum, sem er næstur austan við Glúmshól, eru tvær þústir og grjótdreif (019b) sem gætu verið legstaðir, þótt ekki verði úr því skorð nema við rannsókn. Þústirnar eru mjög áberandi, fagurgrænar og skera sig greinilega úr umhverfinu. Vestan við

Þær er grjótdreif, einnig bungumynduð, sem nær yfir um 5x5 m svæði. Grjótið er fremur einsleitt að stærð, um 15 cm í þvermál, og víða gróið ofan í svörðinn. Angi af grjótdreifinni teygir sig alveg að vestari þústinni, sem er sú minni. Hún er hringmynduð, um 2,5 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Glittir í einn stein, en virðist vera meira grjót undir sverði. Um 0,5 m austan við þústina er önnur þúst. Hún er um 5,5 m löng og 3 m breið og snýr í norður-suður. Hún er um 0,7 m há. Glittir í grjót á nokkrum stöðum og virðist vera meir undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: KK III, 80; Árbók hins íslenska fornleifafélags 1924, 20 og Ö-Skrið, 81



Glúmshóll (190:019a) til hægri og þústir (190:019b) fyrir miðri mynd

EY-190:023 heimild um kálgarð

65°43.790N 18°21.003V

Milli 20-30 m neðan (suðaustan) við bæ 001 var kálgarður samkvæmt túnakorti frá 1917.

Kálgarðurinn hefur sjálfsagt verið í suðausturhlíð bæjarhóls en merki hans sjást ekki lengur.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-190:024 tóft+garðlag óþekkt

65°43.877N 18°20.654V

Fast austan undir Glúmshól (019) er garðlag og tóft, en hlutverk minjanna er óþekkt. Garðlagið er um 30 m langt og liggur í SA-NV út frá suðvesturhluta Glúmshóls og myndar einskonar aðhald sunnan undir



hólnum. Garðlagið er greinilegast syðst en fjarar út eða rennur saman við brekkuna í norðurenda. Það er mest um 0,6 m hátt og um 1,5 m breitt. Það er mjög gróið en glittir þó í grjót. Um 10 m austan við garðlagið, í hlíð Glúmshóls, er mikil þúfnamyndun og virðist á einum stað um tóft að ræða (þótt hugsanlegt sé að um náttúrulega myndun sé að ræða). Tóftin er um 7x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er mikið sigin og hlaupin í þúfur. Ekkert grjót er í henni en hæð um 0,4 m. Hún er grafinn inn í hallann að norðanverðu. Tóftin er um

6x2 m að innanmáli og greinist í tvennt um garða sem liggur eftir henni endilangri. Austur- og vesturveggir eru ekki greinanlegir hafi þeir verið til staðar. Í brekkunni fast ofan við vesturenda tóftar er lítill stallur og hvilft í brekkunni um 1,5x1,5 að stærð, og gæti þar verið um hólfa að ræða.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-191 Dagverðartunga

30 hdr. 1712. Bændaeign. Einnig nefnd Dagverðstunga, Digulstunga, Digurstunga og Dögurðartunga sbr. Rannsókn og leiðréttingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi eftir Hannes Þorsteinsson, sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags: "Dagverðartunga. Jb. 1696 hefur Dagverðstunga, en A.M. Dígulstunga og Digurstunga, sem vafalaust er afbökun úr Dögurðar- eða Dagverðartunga, sem fyrst kemur fram í réttri mynd í sálmaregstrum frá Bægisá eptir 1820 (þar áður afbakanir Digurðs- og Digurs-) og svo í Johnsen og 1861." "Bærinn stendur á brekkubrún ofan við Hörgárdalsveg, undir Tunguhnjúki og á land á milli klettagiljanna tveggja sem Ytri- og Syðri-Tungá hafa myndað. Neðan Hörgárdalsvegjar skipta árnar ekki merkjum, en þar á Fornhagi spildu sunnan ár og Skriða norðan ár. Eyðibýlið Bláteigur, sem er norðan við Brakanda, tilheyrir að hluta Dagverðartungu, eingöngu neðan vegar. [...] Dagverðartunga, en eldri myndir bæjarnafnsins eru Digurstunga, Digulstunga og Dögurðartunga, á land fram í dalbotna Ytri- og Syðri-Tungudals beggja megin Tunguhnjúks og niður í Hörgá. [...] Niður undan Dagverðartungu, neðan við veginn, eru tvær réttir, Þorvaldsdalsréttin, önnur aflögð og hlaðin úr grjóti og er í Fornhagalandi" BE I, 446-447." segir í Byggðum Eyjafjarðar, 446.

Túnstærð 1917:4,9 ha. Sléttað tún 2/5, sáðreitir 200. 1712: "Grasatekja er hjer, sem ábúendum kann að þjena. Selstaða er hjer á áðurnefndum dal [Afdalur í heimalandinu] og brúkast þó ei árlega. [...] Torfrista er hjer so lakleg að naumast má viðbjargast." JÁM X, 136-137. "Dagverðartunga var talin óhæg jörð og fólksfæk ef notast skyldi til fulls, en allgóðu búí mátti framfleyta þar ef dugnaður og atfylgi var nóg." Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna IV, 13.



Brúarstöpull (191:013), horft til SA

EY-191:013 brú brú

65°43.704N 18°21.159V

Hér um bil 10 m neðan við núverandi steypubrú yfir Ytri - Tunguá eru leifar brúarstöpla.

Grónir árbakkar sem halla snögglega niður að ánni.

Á suðurbakka er lítil steypur stöpull en grjóthleðsla með. Stöpullinn stendur um 1,5 m upp úr ánni og svo er grjóthleðsla, 1,5 m breiðust, 6 - 7 m til suðvesturs: hlaðið undir veg. Á norðurbakka ár er ekki steypu að sjá, aðeins grjóthleðslu, um 8 m langa í norður frá ánni, sem er 4 m breiðust.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

EY-191:014 garðlag óþekkt

65°43.731N 18°21.356V



Garðlag (191:014), horft til suðurs

Tæpa 300 m ANA af bæ 001 er hleðsla.

Fast við þjóðveg, ofan og neðan. Hálfgróinn melur.

Á norðurbakka Ytri-Tunguár kemur lágur, um 0,4 m hæstur, og mjór garður úr torfi og grjóti í ljós og liggur um 20 m til norðausturs og snarsveigir svo til suðausturs 30 m. Þá verður garðurinn eingöngu úr grjóti og liggur áfram um 30 m til SSA, að ánni. Sunnan ár er skarð í garðinn vegna þjóðvegjar og kemur garðurinn ekki í ljós aftur fyrr en töluvert sunnan þjóðvegjarins. Skarðið er því um 100 m. Garðurinn liggur svo um 200 m áfram til SSA og endar við ræktað tún. Yfirleitt er garðurinn 0,2 - 0,4 m hár og ekki nema 0,5 - 1 m breiður. Hugsanlega hefur garðurinn verið undir girðingu af einhverju tagi sem búið er að rífa og steinarnir standa eftir, enda ekki merkileg hleðsla.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

EY-191:027 garðlag óþekkt

65°43.681N 18°21.170V

Um 300 m ANA af bæ 001 er hleðsla.

Fast sunnan við veginn sem liggur austur af Þjóðvegi milli réttanna niður á áreyrarnar.

Hálfgróinn melur.

Hleðslan er einföld úr fremur stóru grjóti sem er nokkuð sigið og gróið í svörðinn og liggur í NV-SA. Syðsti hluti garðlagsins er um 6 m langur, en þá rofnar það á um 5 m kafla þar sem gróinn slóði sker það, en kemur svo í ljós á ný um 3 m langt, en hverfur við veginn að réttunum. Garðlagið er fremur lítilfjórlegt og hugsanlegt að það hafi staðið undir girðingu sem nú er horfin.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

EY-192 Skriða

80 hdr.(að meðreiknuðum Starastöðum).Bændaeign. Bærinn kemur fyrir í Guðmundar sögu Dýra. Samkvæmt henni bjó Þórir Bárðarson á bænum en Önundur Þorkelsson hrakti hann í burt og bjó svo á bænum. (Sturlunga I (útg. 1988), 140. 6.5.1197 komst Leifr Nikulásson komst úr Önundarbrennu til kirkju með áverka sinn. Þótti líklegt að eldurinn færi af bæjarhúsum yfir í kirkjuna en þá hét Guðmundr dýri að gefa kú kirkjunni ef ef hún héldist. Þá féll veðrið í logn og því næst kom gusturinn af kirkjunni og lagði í brott eldinn allan skv. sögunnu (152). 1390: Ø Hrafns logmanns Botolfssonar j Longuhlid og husfreyiu hans med þeim kynstrum at jordin sprack j svndr og hliop þar upp vatn j stofvnni og sock allr bærin og suo kirkian; Gottskálksannáll, IA, 366. - tok skrida allann manna bæinn i Longuhlid ok sua kirkiuna. ... wrdu þessi tidindi fimta dags kuellidit eptir dagsetr fyrir Clemens messo; Flateyjarannáll, IA, 416 417. 8.1.1495: Sagði Magnús Árnason þingstað og hálfkirkjuskyld á Neðri Lönguhlíð sem nú er kölluð Skriða í Bægisárþingum. DI VII, 236-37. Bæjarins er getið í Biskupasögum (Árna sögu ÍF XVII, 186 og 277) en Árni átti að hafa komið við á bænum á ferðalagi sínu á föstukvöldi 1288 og á öðrum stað kemur fram að á bænum átti að búa Þorvaldur Geirsson og Sólveig Loftsdóttir. 1712. "Hjer er hálfkirkja, en sumir nefna bænhús." segir í Jarðabók Árna og Páls (bls. 137). Var einnig nefnd Neðri-Langahlíð eða Langahlíð Ytri og stóð þá nokkru sunnar og ofar. "Í nóvember 1390 féll skriða á bæinn og tók hann af ásamt kirkjunni. Fórust þá 16 manns. Þá var bæjarstæðið flutt og nafninu breytt í Skriðu. Skriða er fornt höfuðból og þar stóð kirkja. Í landi Skriðu hafa verið mörg smábýli. Grundar er getið forðum, en ekki hvar hún hefur verið. Kringla eða Kringlugerði var þrælsgerði og síðar beitarhús uppi í hálsinum, út og upp frá bænum. Hornhús voru syðst og efst í túnjaðrinum og fóru í eyði 1785. Skriðukot var rétt við túngarðinn í Skriðu og fór í eyði 1790. Starrastaðir voru á hólí rétt norðan við skógræktargirðinguna en fóru í eyði 1825 og sjást þar enn tóftir. Í Beinisgerði sem var nærri Lönguhlíðarmerkjum, voru húsmenskukofar fram undir aldamót" segir í Byggðum Eyjafjarðar (bls. 448).

Túnstærð 1917: 9,5 ha. Sléttað tún 3/4, sáðreitir 100. Túnakort 1917 "Grastekja ut supra, vide Digulstúngu. Berjalestur mundi hjer nægja heimabóndanum til matarins ef brúkaðist." [...] Ítök jarðarinnar eru þessi. Skógur á Steðja jörðu frá Kiðalæk gagnvart Tveggjasátnablett, þaðan í Marteinskletta, alt að ofan frá fjalli og til Hörgár. Upprekstur geldfjár á almenning er liggur til austurs framm af Yxnadal. Torfskurð á einneginn þessi jörð í Hamarsmýrum, en ekki þykjast menn vita hvað hjer í mót koma eigi. Vatnsból. Engjum grandar hjer vatnsfallið Hörgá mjög so árlega. " segir í Jarðabók Árna og Páls (bls. 137). "Skriðuengi var áður víðáttumikið en hefur spillst af ágangi Hörgár. Sunnan íbúðarhúsins er elsti trjágarður landsins,...Sunnarlega í Skriðulandi er skógarreitir í eigu Skógræktarfélags Skriðuhrepps en neðsti hluti hans er í einkaeign." segir í Byggðum Eyjafjarðar (bls. 448). "Bærinn stendur á sléttlendi út og niður af ysta enda hlíðarinnar (Lönguhlíðar). Skriða var að fornu mati hæst metin jarða í hreppnum önnur en Auðbrekka, en þar voru hjáleigurnar metnar með, svo að heimajörðin hefur ekki verið talin jafngild Skriðu. Skriða átti mikið land, ágætar engjar á hólum og bökkum meðfram Hörgá. Fyrr á öldum mun áin hafa fallið út með austurbökkunum, en síðar brotist vestur eftir og rífið niður eylendið, er þá var Skriðuengið, þar til það var eyðilagð að mestu. Var því lokið skömmu eftir aldamótin átjánhundrað og var Skriðuengið forna þá ekki orðið nema svipur hjá sjón við það, sem áður var. Þrátt fyrir landspjöllin er Skriða kostajörð ennþá, afar landmikil og jarðsæl á vetrum." Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna IV, 7.

EY-192:001 *Skriða* bæjarhóll bústaður 65°43.105N 18°21.877V

Gamli bærinn í Skriðu, sem merktur er inn á túnakort frá 1917, var á svipuðum stað og aðal íbúðarhús jarðarinnar stendur nú, um 20 m ofan (vestan) við þjóðveg. Gamli bærinn stóð þó eilítið norðaustar en núverandi íbúðarhús. Norðaustan við núverandi íbúðarhús er malarhlað á sjálfum bæjarhólnum. Steinsteyppt íbúðarhús er á þessum stað en ekki er kjallari undir því. Bæjarhóllinn er greinilegur þó líklega sé hann að hluta náttúrulegur.

Bæjarhóllinn er um 45 X 20-30 m og snýr norður-suður (NNA-SSV). Austurbrún hólsins er skýr en vesturhluti hans fellur alveg inn í brekkuna ofan við. Hóllinn er mest um 2 m á hæð. Bærinn stóð áður á öðrum stað (sjá 004) en skriða féll á hann 1390 og var hann þá færður, líklega beint á þennan stað. Fjós var sambyggt bænum að sunnan og er íbúðarhúsið þar sem fjósið var áður. Fjósið var rífið á undan gamla bænum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917 og BE 1990, 448

EY-192:006 *Lambhús* heimild um fjárhús 65°43.171N 18°21.792V

"Lambshúsin voru yzt í túnhorninu nálægt þjóðveginum, og þar sjást enn tóftir þeirra," segir í örnefnaskrá. Lambhús eru merkt inn á túnakort frá 1917. Þau voru um 110 m norðan við bæ 001 og aðeins ofar (austar). Húsin voru um 50 m ofan við þjóðveg en tæpum 20 m innan (sunnan) við vegarslóða sem liggur upp að sumarbústað á Skriðu (sem notaður er sem íbúðarhús fyrir fyrri ábúendur). Stór rafmagnslínustaur er í hólnum þar sem Lambhús voru.

Slétttaður hóll í túni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Skrið, 71 og Túnakort 1917

EY-192:007 heimild um útihús 65°43.130N 18°21.787V

Um 60 m norðan við bæ 001 og örlítið austar var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið nálega þar sem þjóðvegur liggur nú eða fast neðan hans.

Malarborinn þjóðvegur er þar sem húsið hefur verið. Neðar eru sléttuð tún en óræktarkragi er milli þjóðvegur og túna.

Engin ummerki sjást um hús á þessum stað. Sverrir Haraldsson ábúandi man eftir tóftarbroti þar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-192:013 *Starrastaðir* heimild um býli 65°42.787N 18°22.481V

Getið er um Starrastaði í Jarðabók Árna og Páls: "Starastader, heimaland áðursagðrar jarðar Skriðu". Starrastaðir eru taldir upp meðal eyðibýla í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 og er þar sagt að Þorlákur Hallgrímsson á Skriðu hafi sett jörðina í eyði. "Starrastaðir. Þeir voru skammt suður frá Skriðu. Þar voru greinilegar rústir eftir hús og garða. Starrastaðir voru viðhlítandi kotbýli með tveggja kúa túni. Mun þar hafa verið forn byggð. Þorlákur í Skriðu átti Starrastaði með Skriðu og lagði þá undir Skriðu árið 1825," segir í Búskaparsögu í Skriðuhreppi forna. "Suður þaðan [frá Draugshóli] er Hornhúshæð [003]. Spöl nokkrum sunnar eru mörg örnefni kennd við Starrastaði, sem var sérstakt býli. Þar var sérstakur ábúandi 1712, en með fremur lítið bú." segir í örnefnaskrá. Sama staðar er getið í Byggðum Eyjafjarðar: "Starrastaðir voru á hólí rétt norðan við skógræktargirðinguna en fóru í eyði 1825 og sjást þar enn tóftir." Starrastaðir voru um 750 m suðvestan við bæ 001 og um 40 m ofan við þjóðveg, þar sem nú er grænófóðurrækt og ráðgerð er frekari jarðrækt.

Þar sem býlið var eru hæðir í grænófóðursræktinni en fast sunnar (innar) er skurður.

Á þessum stað var stór tóft samkvæmt Sverri Haraldssyni fyrrum ábúanda á Skriðu. Úr tóftinni var sléttað á 8. áratug 20. aldar og kom þá upp mikið magn af grjóti og er hluti þess enn í hrúgu norðan við grænófóðursræktina.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: SSE, 157; JÁM X, 138; Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna IV, 12; BE 1990, 448 og Ö-Skrið, 71

EY-192:019 *Akur* heimild um akur 65°43.178N 18°21.635V

"...Tunguáreyrar, og ná þær að Akurbarði, en það er bakkabarðið meðfram Hörgárreitum. Heitir það svo allt suður að Myllulæk [021]. Uppi á bökkum þessum voru víðáttumiklir grasmóar, en miðsvæðis á þeim ferhyrndur, gördum girtur reitur, h.u.b. tveir þriðjungar dagsláttu, og hét Akur. Þar mun Þorlákur [Hallgrímsson, bóndi í Skriðu á fyrri hluta 19. aldar] bóndi hafa gert kornræktartilraunir sínar," segir í örnefnaskrá. Sverrir Haraldsson, fyrrverandi ábúandi í Skriðu, man eftir ferhyrndu gerði á þessum slóðum, fast sunnan við sundpoll 020 og fast neðan við þjóðveg. Gerðið var um 230 m norðaustan við bæ 001.

Nú eru sléttuð tún að þjóðvegi á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Skrið, 71

EY-192:020 *Sundpollur* heimild um sundlaug 65°43.165N 18°21.667V

"Suður og upp frá Akri [019], eða utan og neðan við jarðir gamla túnsins, var sundkennslustaður Jóns Kærnested Þorlákssonar, fyrsta sundkennara á Íslandi. Það heitir enn Sundpollur. Suður þangað, utan frá Hólsnefi við Tunguá, veittu þeir feðgar [Þorlákur Hallgrímsson, bóndi í Skriðu á fyrri hluta 19. aldar og sonur hans Jón Kærnested] vatni í sundpollinn," segir í örnefnaskrá. Sundpollurinn var um 170 NNA við bæ 001 fast neðan við núverandi þjóðveg. Þar sem sundlaugin var er hæð í túni. Sverrir Haraldsson, fyrrverandi ábúandi á Skriðu, sléttaði úr sundlaugartóftinni 1960-1970.

Sléttuð tún, fast neðan þjóðveg.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Skrið, 71

EY-192:021 *Mylluækur* heimild um myllu 65°43.161N 18°21.611V

"...utan frá Hólsnefi við Tunguá, veittu þeir feðgar vatni í sundpollinn. Varð þarna lækur, er síðar tók nafn af kornmyllu, er við hann var sett og enn heitir Myllulækur. Sjást enn rústir af mylluhúsinu, og myllusteininn mun vera þar í jörðu grafin (neðri steininn), því að þarna er enn órótaður blettur," segir í örnefnaskrá. Ekki er nú lækurinn lengur merkjanlegur og engin ummerki sjást um myllutóftina sem var um 50 m austan við sundlaugina 020. Myllutóftin var um 220 m norðaustan við bæ 001.

Á þessum slóðum eru nú sléttuð tún neðan þjóðveg.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Skrið, 71

EY-192:023 frásögn öskuhaugur 65°43.103N 18°21.878V

Öskuhaugur var beint fram undan (austan undir) gamla bænum 001 á Skriðu. Öskuhaugurinn var á milli brekkubrúnar og þjóðveg.

Brekkubrúnin er á þessum stað 1-,5-2 m há en frá brekkurótum að þjóðvegi eru aðeins 2-3 m.

Úr öskuhaugnum/brekkunni var sléttuð í kringum 1980 og kom þá í ljós mikið af ösku, dýrabein og margvísleg gripabrot.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-192:029 heimild um traðir 65°71.870N 18°36.365V

Heimreið hefur legið að Skriðu úr suðri neðst í gamla túninu og um 260 m að bæ. Heimreiðin hefur legið fast neðan við gamla bæinn 001 en svo áfram í um 130 m út túnin til norðurs. Heimreiðin er sýnd á túnakorti frá 1917.

Heimreiðin hefur legið á svipuðum slóðum og þjóðvegurinn um sveitina liggur nú.

Engin merki gömlu heimreiðarinnar sjást nú.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort 1917

4. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Aðalskráning fornminja á þeim fimm jörðum sem framkvæmdirnar snerta leiddi í ljós 90 minjar. Við vettvangsathugun í tengslum við vegaf framkvæmdirnar bættust við tveir minjastaðir, auk þess sem umfang eins minjastaðar jókst nokkuð. Allar þessar minjar teljast samkvæmt lögbundinni skilgreiningu fornleifar og eru því friðhelgar. Að lokinni deiliskráningu er ljóst að flestar þeirra fornleifa sem þekktar voru á jörðunum sem koma við sögu teljast ekki í hættu vegna framkvæmdanna. Sex fornleifar reyndust hins vegar í minna en 25 m fjarlægð frá miðjúlínu vegarstæðis og töldust af þeim sökum í stórhættu og aðrar 17 í 26-50 m fjarlægð frá miðlínu og í hættu af þeim sökum. Rétt er að ítreka að mögulegt er að fornleifar sem engin ummerki sjást um á yfirborði og ekki eru þekktar úr heimildum leynist undir sverði á framkvæmdasvæðinu og komi í ljós við framkvæmdir. Þetta á ekki síst við þann hluta vegarstæðisins sem liggur í heimatúnnum bæja þar sem minjadreifing er að jafnaði langþéttust og algengt að ummerki minjastaða séu horfin í sléttun og annað umrót sem gjarnan fylgir búskap. Það er því nauðsynlegt að fara varlega í framkvæmdir á slíkum stöðum, en Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort eftirlit fornleifafræðings er nauðsynlegt við þá hluta framkvæmda sem liggja í gegnum heimatún. Rétt er að minna á að eins og segir í 13. grein Þjóðminjalaga frá 2001 ber framkvæmdaraðila skylda til þess að stöðva framkvæmdir leiði þær í ljós áður óþekktar minjar. Það er síðan Fornleifaverndar ríkisins að ákvarða um áframhaldandi framkvæmdir og skilmála þeirra.

Í eftirfarandi umfjöllun verður vegarstæðunum tveimur fylgt frá Hólkoti og suður fyrir Skriðu. Greint verður frá þeim minjastöðum sem þekktir eru í og við vegarstæðin og hugsanlegt er að gætu orðið fyrir raski vegna framkvæmdanna. Umfjöllunin er þrískipt, í fyrsta lagi er fjallað um veglínu A (eystra eða neðra vegarstæði), í öðru lagi er fjallað um veglínu B (vestara eða efra vegarstæði) og í þriðja lagi er fjallað um nýjar heimreiðar að þremur bæjanna. Í samantekt í næsta kafla verður svo gefið heildaryfirlit yfir fjölda minja í hættu vegna hvers þessara þátta.

Veglína A

Leið A sveigir austur af núverandi vegarstæði rétt sunnan við Hólkot EY-189 og liggur þaðan austur fyrir Brakanda EY-185. Línan liggur áfram til suðurs um áreyrar Ytri- og Syðri Tunguár í landi Fornhaga EY-190 og Dagverðartungu EY-191, suður tún á Skriðu EY-192 og sameinast núverandi vegarstæði sunnan við Skriðu.

Hólkot (EY-189)

Í landi Hólkots eru skráðar 6 fornleifar í heimatúni bæjarins. Þær minjar sem næstar eru framkvæmdasvæðinu eru tvö útihús (**EY-189:003**) og (**EY-189:004**), sem samkvæmt túnakorti frá 1917 munu bæði hafa verið um 50 m austur af miðlínu vegarstæðis. Engar minjar sjást lengur um húsin á yfirborði en ekki er ólíklegt að þær kunni að leynast undir sverði. Minjastaðirnir teljast í hættu vegna framkvæmdanna en hæglega má koma í veg fyrir rask á þessum slóðum með aðgát.

Sunnan við Hólkot sveigir vegurinn austur af núverandi vegarstæði og liggur þar í sléttuðum túnnum suður fyrir Brakanda. Engar fornleifar fundust á þessu svæði við vettvangsúttekt og ekki eru þekktar vísbendingar um minjar undir sverði.

Brakandi (EY-185)

Í landi Brakanda eru skráðar 4 fornleifar, allar í heimatúni bæjarins. Enginn þeirra er innan hættumarka vegna veglínu A.

Í landi Brakanda liggur vegarstæðið hins vegar í austurjaðri gamla heimatúnsins, þar sem fornleifar gætu hæglega leynst undir sverði þótt ummerki þeirra séu ekki sýnileg á yfirborði. Þetta á ekki síst við svæðið beint austur af bænum, en eldri bær í Brakanda (**EY-185:001**) stóð áður austar en hann gerir nú, um 130 m vestur af fyrirhuguðu vegarstæði. Því má ætla að megin athafnasvæði bæjarins hafi náð austur að framkvæmdasvæðinu.

Fornhagi (EY-190)

Í landi Fornhaga eru skráðar 24 fornleifar. Engin þeirra er í námunda við veglínu A, sem liggur norður-suður í austurjaðri túns og eftir áreyrum Ytri-Tunguár.

Dagverðartunga (EY-191)

Í landi Dagverðartungu eru skráðar 27 fornleifar. Engin þeirra er í námunda við veglínu A, sem liggur norður-suður um áreyrar Ytri- og Syðri-Tunguár.

Skriða (EY-192)

Veglínur A og B sameinast nyrst í landi Skriðu, og eru samliggjandi eftir það. Línurnar sameinast núverandi vegarstæði sunnarlega í Skriðulandi. Á jörðinni eru skráðar 29 fornleifar, en aðeins ein þeirra telst í hættu vegna framkvæmda við veglínu A/B. Það er býlið Starrastaðir (**EY-192:013**) sem mun hafa verið um 750 m suðvestur af bæ á Skriðu og um 40 m vestan við núverandi þjóðveg, sem þar er samliggjandi fyrirhuguðu vegarstæði. Þar mun hafa verið forn byggð sem fór í eyði 1825. Svæðið hefur nú verið sléttað og sjást lítil ummerki býlisins á yfirborði, en gera má ráð fyrir að talsvert umfangsmiklar fornleifar gætu leynst undir sverði og þeim stafar hætta af framkvæmdunum.

Veglína B

Veglína B fylgir núverandi vegarstæði frá Hólkoti EY-189 og suður fyrir Brakanda EY-185 en sveigir þá austur af því, nyrst í landi Fornhaga EY-190. Þá liggur vegarstæðið suður tún í Fornhaga, og því næst suður áreyrar Ytri- og Syðri-Tunguár í landi Fornhaga og Dagverðartungu EY-191. Vegarstæðin tvö (A og B) sameinast eins og áður segir sunnan Syðri-Tunguár, nyrst í landi Skriðu EY-192 en um þann hluta vegarstæðisins var fjallað um hér á undan.

Hólkot (EY-189) og Brakandi (EY-185)

Í landi Hólkots liggja veglínur A og B að mestu leyti saman og um það svæði vísast til umfjöllunar hér að framan um veglínu A á þeim slóðum.

Í landi Brakanda fylgir veglína B núverandi vegarstæði þar til kemur að landamerkjum við Fornhaga, en þar sveigir hún austur túnin. Fjórar fornleifar eru skráðar í landi Brakanda og eru tvær þeirra í námunda við veglínu B. Önnur fornleifin er fjárhús (**EY-185:003**) sem samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð um 50 m austur af miðlínu

vegarstæðis, þar sem nú er fjós. Hinn minjastaðurinn er torfrista og mótekja (**EY-185:004**) sem var um 40 m vestan miðlínu vegarstæðis, á og við hólinn þar sem efra íbúðarhúsið á Brakanda stendur. Báðir þessara minjastaða hafa nú verið skemmdir og er ekki ástæða til að áætla að ráðgerðar vegaf framkvæmdir muni raska þeim frekar en orðið er.

Á milli Hólkots og Brakanda liggur vegarstæðið um sléttuð tún og heimatún og því er vel hugsanlegt að þar leynist áður óþekktar fornleifar undir sverði.

Fornhagi (EY-190)

Nyrst í landi Fornhaga sveigir veglína B austur um tún af núverandi vegarstæði. Glúmshóll (**EY-190:019**), meintur legstaður, er í túninu 15 m austan við núverandi vegarstæðið og um 90 m vestur af miðlínu vegarstæðis B. Hólnum hefur þegar talsvert verið raskað við efnistöku og telst ekki í hættu vegna framkvæmda. Austan við hólinn eru hins vegar tveir lægri hólar og eru tvær þústir (**EY-190:019b**) á miðhólnum (þ.e. þeim hól sem er austan við Glúmshól), um 50-60 m vestur af miðlínu vegarstæðis B. Þústirnar gætu mögulega verið ummerki um legstaði þó ómögulegt sé að fullyrða nokkuð um hlutverk þeirra án frekari rannsókna.

Austan í Glúmshól er garðlag og tóft (**EY-190:024**), um 50-60 m vestur af miðlínu vegarstæðis B. Þessar minjar eru allar innan hættumarka veglínu B en auðvelt ætti að vera að hlífa þeim við raski.

Dagverðartunga (EY-191)

Engar fornleifar eru innan hættumarka við veglínu B í landi Dagverðartungu.

Heimreiðar

Í tengslum við vegaf framkvæmdir á svæðinu verða lagðar nýjar heimreiðar að bæjunum Skriðu og Dagverðartungu, og einnig að Fornhaga verði veglína A fyrir valinu.

Heimreið Fornhaga (EY-190) frá veglínu A

Ný heimreið að Fornhaga myndi liggja í sveig til vestnorðvesturs frá veglínu A heim að bæ. Auk bæjarhóls (**EY-190:001**), sem þegar er raskað af vegagerð og byggingum, eru heimildir um fleiri mannvirki í heimatúni, sem teljast innan hættumarka vegna framkvæmdanna. Steinavörðuholt (**EY-190:012**) heitir holtið sem heimreiðin mun liggja yfir, fast austan núverandi þjóðvegur. Örnefnið bendir til þess að varða hafi verið á holtinu þótt ekki sjái hennar merki nú. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús (**EY-190:008**) um 100 m norður af bæ, um 40 m vestur af miðlínu fyrirhugaðrar heimreiðar. Þess sér nú ekki önnur merki en hryggir og dældir í sléttuðu túni. Samkvæmt sama túnakorti var kálgarður (**EY-190:023**) 20-30 m suðaustan við bæ, í suðausturhlíð bæjarhóls, en merki hans sjást ekki lengur. Þar sem um er að ræða heimatún og næsta nágrenni bæjar og bæjarhóls er ekki ólíklegt að áður óþekktar fornleifar geti leynst undir yfirborði og komið í ljós við framkvæmdir.

Einn friðlýstur minjastaður er í landi Fornhaga, svonefnd Kirkjutóft (**EY-190:002**). Tóftin er um 100 m suður af áætlaðri heimreið og telst ekki í hættu vegna framkvæmda.

Heimreið Dagverðartungu (EY-191) frá veglínu A eða B

Fyrirhuguð heimreið að Dagverðartungu mun liggja í beinni línu frá bæ til austurs um áreyrar Ytri-Tunguár að fyrirhuguðum vegarstæðum A/B. Fjórir minjastaðir teljast í hættu sökum þessarar heimreiðar. Af þeim ber fyrst að nefna Þorvaldsdalsrétt (**EY-190:010**), grjóthlaðna fjárrétt (í landi Fornhaga) sem stendur að mestu leyti enn. Syðsti hluti réttarinnar er um 30 m norður af miðlínu fyrirhugaðrar heimreiðar. Um 40 m norður af miðlínu fyrirhugaðrar heimreiðar, á bökkum Ytri-Tunguár, eru brúarstöplar (**EY-191:013**), leifar eldri brúar yfir ána. Báða þessa minjastaði ætti að vera auðvelt að forðast með aðgát.

Tvö garðlög (**EY-191:014** og **EY-191:027**) liggja í NV-SA fast í og við vesturenda fyrirhugaðrar heimreiðar. Munu framkvæmdir að öllum líkindum raska þeim báðum og teljast þau í stórhættu.

Heimreið Skriðu (EY-192) frá veglínu A eða B

Ný heimreið að Skriðu mun liggja um sléttuð tún frá fyrirhuguðu vegarstæði (veglinur A og B eru hér samliggjandi) heim að bæ. Auk bæjarhólsins **(EY-192:001)** eru heimildir um mannvirki í heimatúni sem teljast innan hættumarka vegna framkvæmdanna. Beint fram undan eða austan bæjarins var öskuhagur **(EY-192:023)**. Lambshús **(EY-192:006)** var samkvæmt túnakort frá 1917 í túnhorninu um 30 m vestan við miðlínu heimreiðar. Þar er nú sléttuð tún. Austan við núverandi þjóðveg, um 40-60 m norður af miðlínu heimreiðar eru þrjár minjastaðir innan hættumarka; þar mun hafa verið akur **(EY-192:019)**, sundpollur **(EY-192:020)** og mylla **(EY-192:021)**. Tveir minjastaðir, útihús **(EY-192:007)** og traðir **(EY-192:029)**, teljast í stórhættu vegna framkvæmdanna. Útihúsið mun samkvæmt túnakorti frá 1917 hafa staðið nálega þar sem þjóðvegur er nú og fyrirhuguð heimreið mun liggja, og traðirnar einnig á sama stað og þjóðvegur liggur nú. Báðir þessir minjastaðir hafa því að öllum líkindum þegar verið skemmdur við vegagerð.

Þar sem um er að ræða heimatún og næsta nágrenni bæjar og bæjarhóls má auk þess gera ráð fyrir að áður óþekktar fornleifar geti leynst þar undir yfirborði.

5. Niðurlag

Í eftirfarandi töflu er tekinn saman fjöldi þeirra minjastaða sem eru í hættu vegna hvers framkvæmdaþáttar. Annars vegar minjar sem eru í stórhættu eða innan við 25 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðra vegarstæða. Hins vegar minjar sem eru í hættu eða í 25-50 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðra vegarstæða. Á þessum forsendum teljast 6 minjastaðir í stórhættu vegna framkvæmdanna, en minjastaðir 17 í hættu.

	MINJAR Í STÓRHÆTTU	MINJAR Í HÆTTU
Framkvæmd	Fjöldi fornleifa á 50 m belti (<25 m frá miðlínu vegarstæðis)	Fjöldi fornleifa á 50-100 m belti (25-50 m frá miðlínu vegarstæðis)
Veglína A	0	3
Veglína B	0	4
Heimreið að Fornhaga (veglína A)	2	2
Heimreið að Dagverðartungu (veglína A og B)	2	2
Heimreið að Skriðu (veglína A og B)	2	6
ALLS	6	17

Í töflunni hér að neðan má sjá hvaða minjastaðir það eru sem teljast í stórhættu eða hættu vegna framkvæmdanna, en “kennitölurnar” vísa til fornleifaskrárinnar hér að framan þar sem er að finna frekari upplýsingar um viðkomandi minjastaði.

FRAMKVÆMD		MINJAR Í STÓRHÆTTU		MINJAR Í HÆTTU
Veglína A				EY-189:003 EY-189:004 EY-192:013
Veglína B				EY-185:003 EY-185:004 EY-189:003 EY-189:004 EY-190:019b EY-190:024 EY-192:013
Heimreið að Fornhaga (veglína A)		EY-190:001 EY-190:012		EY-190:008 EY-190:023
Heimreið að Dagverðartungu (veglína A og B)		EY-191:014 EY-191:027		EY-190:010 EY-191:013
Heimreið að Skriðu (veglína A og B)		EY-192:007 EY-192:029		EY-192:001 EY-192:023 EY-192:006 EY-192:019 EY-192:020 EY-192:021
ALLS:		6		17*

* Athugið að hér að ofan eru 3 staðir tvítaldir þar sem þeir teljast í hættu vegna beggja veglína (A og B), en heildarsumma minjastaða sem teljast í hættu er 17.

Tillögur að aðgerðum

Hægt er að grípa til ýmissa aðgerða vegna þeirra fornleifa sem teljast í hættu sökum nálægðar við vegstæðin og verða hér nefndar þær helstu.

- Nauðsynlegt er að merkja minjastaði sem eru nálægt veglínunum, en lenda ekki í þeim. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki af vangá við umferð vinnuvéla o.þ.h.
- Vakta þarf viðkvæm svæði á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum, a.m.k. á meðan verið er að rjúfa svörð. Við því þarf að búast að fornleifar geti komið í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til vegarstæði og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.
- Rannsókn kann að þykja nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmdanna. Til þess þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
- Mögulegt er að óska eftir heimild Fornleifaverndar fyrir því að hylja fornleifar án þess að rannsókn með uppgreftri fari fram. Þetta kemur því aðeins til greina að tryggt sé að fornleifarnar skemmist ekki, að þær séu mældar upp nákvæmlega fyrst og að þær teljist ekki svo áhugaverðar að rannsókn sé nauðsynleg.

Fornleifavernd ríkisins mun skera úr um hvaða mótvægisáðgerða kann að vera þörf vegna framkvæmdanna en hér verða lagðar fram nokkrar tillögur að slíkum aðgerðum að beiðni verkkaupanda.

Mörgum þeirra minjastaða sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda ætti að vera auðvelt að hlífa við raski þar sem staðsetning þeirra liggur fyrir. Á þetta við um útihúsin **EY-189:003**, **EY-189:004**, **EY-185:003**, **EY-190:008** og **EY-192:006**, kálgarð **EY-190:023**, mógrafir **EY-185:004** og leifar brúar yfir Ytri-Tunguá **EY-191:013**. Einnig á það við um bæjarhól **EY-192:001** og öskuhaug **EY-192:023** á Skriðu, og akur **EY-192:019**, sundpoll **EY-192:020** og myllu **EY-192:021** á sömu jörð. Að lokum á þetta einnig við um býlið Starrastaði **EY-192:013**, þótt hér sé æskilegt að viðhöfð verði sérstök aðgát þar sem um býli er að ræða og umfang þess ekki þekkt með vissu.

Þótt minjar á og við Glúmshól í landi Fornhaga, þ.e. þústir **EY-190:019b** og tóft+garðlag **EY-190:024**, auk Þorvaldsdalsréttar **EY-190:010** á áreyrum Ytri-Tunguár teljist ekki í stórhættu vegna framkvæmdanna væri æskilegt að þessir minjastaðir væru merktir eða girtir af á meðan á framkvæmdum stendur, en þannig má betur tryggja vernd þeirra fyrir umróti og raski sem þeim fylgir.

Eins og kemur fram í töflu hér að framan eru 6 minjastaðir greindir í stórhættu vegna framkvæmdanna. Þriggja þessara staða, útihús **EY-192:007**, traðir **EY192:029** og svokallað Steinavörðuholt **EY-190:012**, sér nú engin merki. Útihúsinu og tröðunum hefur þegar verið raskað við vegaf framkvæmdir og hvort eða hvar varða hefur verið á holtinu er ekki vitað. Ekki þarf því að gera sérstakar ráðstafanir vegna þessara staða en mikilvægt að farið verði varlega í framkvæmdir þar sem útihúsið á að hafa staðið og traðirnar legið.

Bæjarhól á Fornhaga **EY-190:001** hefur þegar verið raskað nokkuð með sléttun og byggingum og óvíst hvort lagning nýrrar heimreiðar að bænum muni raska honum frekar en orðið er. Æskilegt er þó að sérstök aðgát verði viðhöfð við framkvæmdir í námunda við hann.

Tvö garðlög, **EY-191:014** og **EY-191:027** í landi Dagverðartungu lenda í vegarstaði fyrirhugaðrar heimreiðar að bænum og væri því æskilegt að rannsókn á þeim færi fram áður en framkvæmdir hefjast.

Eins og greint hefur verið frá liggja fyrirhugaðar veglínur að hluta til um sléttuð tún og heimatún, þar sem athafnasvæði hafa verið um aldir. Æskilegt væri að fornleifafræðingur vaktaði framkvæmdir í heimatúnum þannig að grípa megi til aðgerða komi áður óþekktar minjar í ljós.

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson. *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsvegar um Mávahlíð*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, 1997.

Adolf Friðriksson. *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegastæði Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar sunnan Fróðárheiðar*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, 1997

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar I-II*. Akureyri, 1993-1994.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*. Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

Eiður Guðmundsson. *Búskaparsaga í Skriðuhreppi hinum forna II-IV*. Skjaldborg. Akureyri, 1982-84.

Friðlýsingaskrá: Fornleifaskrá: skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík, 1990.

Hannes Þorsteinsson. “Kvittun til dr. Finns Jónssonar”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1924: 15-33.

ÍF I-: *Íslensk fornrit I-*. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík, 1933-..

JJ: J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847.

JÁM X: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X. bindi. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn, 1943.

KK III: KK 1887: Kristian Kaalund. *Íslenskir sögustaðir: Norðlendingafjórðungur III*. Haraldur Matthíasson þýddi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Reykjavík, 1985 (kom fyrst út 1887).

SSE: *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* 1839-1854. Sögufélag Eyfirðinga. Akureyri, 1972

Óútgefið efni:

Þjóðskjalasafn Íslands

Túnakort: Uppdrættir af túnum í Öxnadals- og Skriðuhreppi 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnastofnun Íslands:

Ö-Skrið: Örnefnaskrá Skriðuhrepps. Örnefnastofnun Íslands

Viðauki: Fornleifakort

Hólkot og Brakandi



Fornhagi og Dagverðartunga

